

2152. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 28. október 2014 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Gísli Gíslason, Guðrún Inga Sívertsen, Jóhann Torfason, Róbert Agnarsson, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhannes Ólafsson, Þórarinn Gunnarsson, Björn Friðþjófsson landshlutafulltrúi Norðurlands og Valdemar Einarsson landshlutafulltrúi Austurlands.
Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Ragnhildur Skúladóttir

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Mótamál

- Sigurvegarar móta 2014. Keppni í Íslandsmóti og bikarkeppni er nú lokið. Stjarnan varð Íslandsmeistari bæði í karla og kvennaflokki. KR varð bikarmeistari karla og Stjarnan bikarmeistari kvenna. Úrslit í öllum flokkum liggja nú fyrir og eru sigurvegarar á mótum eftirfarandi:

Sigurvegarar í mótum utanhúss 2014

Íslandsmót

Pepsi-deild karla		Pepsi-deild kvenna	
1. deild karla	Stjarnan	1. deild kvenna	Stjarnan
2. deild karla	Leiknir R		KR
3. deild karla	Fjarðabyggð		
4. deild karla	Höttur		
Eldri flokkur karla 30+	Álftanes		
Eldri flokkur karla 40+	FH		
Eldri flokkur karla 50+	KR		
2. flokkur karla	Stjarnan/Skínandi	2. flokkur kvenna	Breiðablik
2. flokkur karla B-lið	Fjölpir		
3. flokkur karla	KR	3. flokkur kvenna	Breiðablik
3. flokkur karla B-lið	ÍA	3. flokkur kvenna B-lið	KA
3. flokkur karla C-lið	KR		
3. flokkur karla 7 manna	Snæfellsnes	3. flokkur kvenna 7 manna	Sindri
4. flokkur karla	Breiðablik	4. flokkur kvenna	FH
4. flokkur karla B-lið	KR	4. flokkur kvenna B-lið	ÍA
4. flokkur karla C-lið	FH2		
4. flokkur karla 7 manna	Hrunamenn	4. flokkur kvenna 7 manna	Álftanes
5. flokkur karla A-lið	HK	5. flokkur kvenna A-lið	Víkingur R
5. flokkur karla B-lið	Víkingur R	5. flokkur kvenna B-lið	Valur
5. flokkur karla C-lið	Breiðablik 2	5. flokkur kvenna C-lið	FH
5. flokkur karla D-lið	ÍA	5. flokkur kvenna D-lið	FH og Valur
6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV-1	Breiðablik og þróttur *	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV	ÍBV
6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV-2	Keflavík		Fram og Valur
6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV-1	Breiðablik	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV	*
6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV-2	FH	6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV	FH 2
6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV-1	ÍA	6. flokkur kvenna - Hnátumót D-lið SV	Valur 2
6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV-2	Keflavík 2	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL	KA
6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV-1	Fjölpir 2	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL	Þór
6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV-2	Selfoss 2		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL	KA		

6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL Þór

6. flokkur karla - Pollamót C-lið NL/AL KA

Bikarkeppni

Borgunarbikar karla	KR	Borgunarbikar kvenna	Stjarnan
2. flokkur karla	Stjarnan/Skínandi	2. flokkur kvenna	Þróttur/ÍA
3. flokkur karla SV	Fjölpir	3. flokkur kvenna SV	Fylkir
3. flokkur karla AL/NL	KA	3. flokkur kvenna AL/NL	KA

Deildarbikarkeppni KSÍ

Lengjubikar karla - A deild	FH	Lengjubikar kvenna - A deild	Stjarnan
Lengjubikar karla - B deild	Fjarðabyggð	Lengjubikar kvenna - B deild	Fylkir
Lengjubikar karla - C deild	Berserkir	Lengjubikar kvenna - C deild	KR

Meistarakeppni KSÍ

Meistaraflokkur karla	KR	Meistaraflokkur kvenna	Breiðablik
------------------------------	----	-------------------------------	------------

* Jafntefli í úrslitaleik / Ekki leikið til þrautar

- Aðsókn í Pepsi-deild. Alls mættu 121.852 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi-deild karla á nýliðnu keppnistímabili sem gerir 923 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru umtalsvert færri en undanfarin ár og verður farið ítarlega yfir helstu skýringar á þeirri fækkun sem var á milli ára. Aðstæður í upphafi sumars, mikið áhorf á HM og afar slæm veðurskilyrði í lok tímabils eru augljóslega hluti skýringar. Flestir mættu að jafnaði á heimaleiki FH eða 1.741 að meðaltali á leik en á síðasta heimaleik FH voru 6.450 áhorfendur. Næstflestir komu á KR völl eða 1.238 að meðaltali á hvern leik. Flestir áhorfendur mættu á leik FH og Stjörnunnar í síðustu umferð mótsins eða 6.450 en fæstir voru áhorfendur hins vegar á leik Vals og Þórs í 20. umferð eða 145.
- Afhending viðurkenninga í Pepsi-deildum. Verðlaunaafhending fyrir keppnistímabilið 2014 fór fram í höfuðstöðvum KSÍ 20. október. Tilkynnt var um val á bestu leikmönnum, efnilegustu leikmönnum, þjálfurum ársins og fleiri viðurkenningum að viðstöddum fulltrúum félaga, dómara, fjölmiðla, samstarfsaðila og annarra fulltrúa KSÍ.

Verðlaunahafar 2014

Bestu dómara (valið af leikmönnum deildanna)

Besti dómari í PD kvenna – Bríet Bragadóttir

Besti dómari í PD karla – Kristinn Jakobsson

Markahæstu leikmenn PD kvenna

1. sæti. 27 mörk, Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan

2. sæti. 12 mörk, Shaneka Gordon (lék færri mínútur en Fanndís)

3. sæti. 12 mörk, Fanndís Friðriksdóttir, Breiðablik

Markahæstu leikmenn PD karla

1. sæti. 13 mörk, Gary Martin, KR

2. sæti. 12 mörk, Jonathan Glenn, ÍBV

3. sæti. 11 mörk, Ólafur Karl Finsen, Stjarnan

Efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda (valið af leikmönnum deildanna)

Efnilegasti leikmaður PD kvenna – Guðrún Karitas Sigurðardóttir, ÍA

Efnilegasti leikmaður PD karla – Elías Már Ómarsson, Keflavík

Bestu leikmenn (valið af leikmönnum deildanna)

Besti leikmaður PD kvenna – Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan

Besti leikmaður PD karla – Ingvar Jónsson, Stjarnan

Þjálfarar ársins (valið af valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ)

Þjálfari ársins í PD kvenna – Ólafur Þór Guðbjörnsson, Stjarnan

Þjálfari ársins í PD karla – Rúnar Páll Sigmundsson, Stjarnan

Viðurkenningar Borgunar og KSÍ fyrir heiðarlega framkomu (valið af háttvisinefnd KSÍ)

Heiðarleg framkoma lið í PD kvenna kvenna - Stjarnan

Heiðarleg framkoma lið í PD karla - KR

Heiðarleg framkoma einstaklingur í PD kvenna – Guðmunda Brynja Óladóttir, Selfoss

Heiðarleg framkoma einstaklingur í PD karla – Óskar Örn Hauksson, KR

Bestu stuðningsmenn (valið af valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ)

Stuðningsmenn PD kvenna - Selfoss

Stuðningsmenn PD karla - Stjarnan

- Aga – og úrskurðarmál. Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar, sem fram fór 8. október, var samþykkt að sekta FH um 100.000 krónur og Stjórnuna um 50.000 krónur. FH var sektað vegna atvika sem upp komu í framkvæmd leiks FH og Stjórnunnar í Pepsi-deild karla þann 4. október síðastliðinn og Stjarnan var sektað vegna framkomu stuðningsmanna sinna í sama leik. FH hefur áfrýjað úrskurði nefndarinnar.

3. Fundargerðir nefnda

Eftirtaldar fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:

- Dómaranefnd 24. september
- Fræðslunefnd 25. september
- Mótanefnd 15. september
- Útbreiðslunefnd 14. október

4. Starfshópar

- Starfshópur um uppalda leikmenn – tillaga. Á síðasta ársþingi KSÍ var samþykkt að stofna 5 manna starfshóp um uppalda leikmanna og var hlutverk hópsins að skoða þátttöku leikmanna í meistaraflokki m.t.t. skilgreinar UEFA um uppalda leikmenn. Starfshópurinn skipuðu: Gísli Gíslason formaður, Almar Guðmundsson, Börkur Edvardsson, Jónas Gestur Jónasson og Róbert Agnarsson. Með starfshópnum starfaði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ. Hópurinn skoðaði reglur knattspyrnusamband á Norðurlöndum um þátttöku uppaldra leikmanna og var gerði könnun á stöðu mála í Pepsi-deild karla og 1. deild karla m.t.t. þeirra reglna sem gilda hjá UEFA. Niðurstaða starfshópsins er sú að beina því til stjórnar KSÍ að taka upp sambærileg ákvæði varðandi uppalda leikmenn og gilda í Danmörku, þ.e. að heimaaldir leikmenn í 25 manna leikmannahópi skuli vera 8. Þar af skulu fjórir vera uppaldir innan félagsins og fjórir uppaldir innan félags sem er aðili að KSÍ. Lagt er til að reglur þessar verði færðar inn í leyfiskerfi KSÍ fyrir efstu og 1. deild karla og að þær gildi fyrst fyrir keppnistímabilið 2017.

5. Leyfismál

- Ný leyfisreglugerð. Geir Þorsteinsson formaður KSÍ fór yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á leyfisreglugerð en ný reglugerð liggur nú fyrir. Stjórn KSÍ samþykkti nýja leyfisreglugerð eins og hún liggur fyrir. Reglugerðin og helstu breytingar verða kynntar aðildarfélögum á næstu dögum.

6. Reglugerðir

- Tillaga að breytingu á agareglugerð – alvarleg brot sem dómara veita ekki athygli. Stjórn KSÍ leggur til við laga – og leikreglnanefnd að sett verði inn ákvæði í agareglugerð sem heimilar aga – og úrskurðarnefnd að taka upp og

úrskurða um alvarleg agabrot sem dómurum hefur yfirsétt í leiknum og verði nefndinni heimilt að notast við myndbandsupptökur í slíkum tilfellum.

7. Formanna – og framkvæmdastjórafundur

- Formanna – og framkvæmdastjórafundur verður haldinn í höfuðstöðvum KSÍ laugardaginn 22. nóvember nk.

8. Dómaramál

- FIFA dómara 2015 – tillaga dómara nefndar. Fyrir liggur tilnefning dómara nefndar á FIFA listann fyrir tímabilið 2014/2015:

FIFA dómara.

Gunnar Jarl Jónsson.

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson

Þorvaldur Árnason

Þóroddur Hjaltalín

FIFA aðstoðardómara.

Áskell Þór Gíslason

Birkir Sigurðarson

Björn Valdimarsson

Frosti Viðar Gunnarsson

Gunnar Sverrir Gunnarsson

Gylfi Már Sigurðsson

Jovana Cosic

Jóhann Gunnar Guðmundsson

Rúna Kristín Stefánsdóttir

FIFA futsal dómari

Andri Vigfússon

Sú breyting er á listanum að Kristinn Jakobsson er ekki lengur í hópi dómara og kemur Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson inn á listann í hans stað. Sigurður Óli Þorleifsson er jafnframt ekki á lista yfir aðstoðardómara en ný á listanum eru Björn Valdimarsson og Jovana Cosic. Stjórn KSÍ staðfesti tilnefningar dómara nefndar á listann.

- Fundur norrænna dómara nefnda – samantekt. Fyrir liggur til kynningar samantekt Braga Bergmann á fundi norrænna dómara nefnda.

9. Hæfileikamót KSÍ og N1

- Samantekt. Fyrir liggur til kynningar samantekt Þorláks Árnasonar á Hæfileikamótum KSÍ og N1.

10.A landslið karla

- Undankeppni EM 2016
Lettland – Ísland 10. október. Leiknum lauk með 3-0 sigri Íslands.
Ísland – Holland 13. október. Leiknum lauk með 2-0 sigri Íslands.
Tékkland – Ísland 16. nóvember. Leikið verður í Plzen.
- Vináttuleikur:
Belgía – Ísland 12. nóvember. Leikið verður í Brussel.

11.A landslið kvenna

- Ráðning þjálfara. Freyr Alexanderson hefur verið ráðinn sem þjálfari A landsliðs kvenna árin 2015 og 2016 og verður Ásmundur Haraldsson honum til aðstoðar.
- Undankeppni EM – dráttur í riðla. Dregið verður í riðla fyrir undankeppnina í apríl 2015.

- Verkefni ársins 2015. Næsta fyrirbyggjandi verkefni liðsins er Algarve Cup í mars og skoðað verður með frekari verkefni þegar dráttur í undankeppni EM liggur fyrir.

12. Yngri landslið

- U21 karla – Undankeppni EM 2015 – umspilsleikir. Leikið var gegn Danmörku í umspili um sæti í úrslitakeppni EM 2015. Fyrri leiknum lauk með 0-0 jafntefli í Danmörku og seinni leiknum með 1-1 jafntefli á Laugardalsvelli. Danmörk fer því í úrslitakeppnina á marki skoruðu á útivelli.
- Þjálfaramál yngri liða. Farið yfir ráðningarmál þjálfara fyrir U21 og U19 ára karla.

13. Önnur mál

- Úrskurður héraðsdóms í frávísunarmáli – FH gegn KSÍ. Lagður var fram úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur í frávísunarmáli FH gegn KSÍ en frávísun var hafnað og fer málið til efnislegrar meðferðar.